

FERÐAMÁLARÁÐ



ÍSLANDS

Ferðamálaráð Íslands

Lækjargata 3


101 Reykjavík

S: 552 7488

F: 5624749

EKKI TIL ÚTLÁNS

A  66



ÁRSSKÝRSLA
1992

HÖNNUN · PRENTUN · ODDI HF.

Myndir: Rafn Hafnfjörð.



**ÁRSSKÝRSLA
FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS
1992**

FORMÁLI

Pví miður getur ársskýrsla Ferðamálaráðs að þessu sinni ekki hafist á orðunum: „Enn eitt metárið í sögu íslenskrar ferðaþjónustu“. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi orð eiga ekki við, enda fækkaði erlendum ferðamönnum til Íslands um 897 einstaklinga, miðað við árið 1991. Á sama tímabili fjölgaði ferðamönnum til annarra Evrópulanda um 3.5% að meðaltali og tekjur jukust um 6.5%. Þó svo að hér sé aðeins um 0.6% fækkun að ræða og ýmsar skýringar séu á þessum staðreyndum, t.d. að ferðamönnum til Íslands fjölgaði á árinu 1991 en fækkun varð til nánast allra landa á meginlandi Evrópu vegna átakanna við Persaflóa, er þessi árangur á árinu 1992 engan veginn viðunandi. Öllu alvarlegra er þó að gjaldeyristekjur af seldri þjónustu til er-

lendra ferðamanna drógust enn meira saman. Um þetta atriði verður fjallað nánar í kaflanum um gjaldeyrismál og tilraun gerð til að leita orsaka.

Sami háttur er hafður á nú og í ársskýrslunni fyrir árið 1991 varðandi innihald þessarar skýrslu, að nokkrir starfsmenn rita hver sinn kafla. Magnús Oddsson, markaðs-
stjóri, skrifar um gjaldeyrstekjur og fjölda ferðamanna, Jóhanna Magnúsdóttir, umhverfisfulltrúi, um umhverfismál og þeir Dieter Wendler-Jóhannsson og Einar Gústavsson fjalla um rekstur skrifstofanna í Frankfurt og New York. Þessi aðferð ætti að gefa þér, lesandi góður, gleggri mynd en ella af starfsemi Ferðamálaráðs á hinum ýmsu vígstöðvum.



FERÐAMÁLARÁÐ, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG NEFNDIR 31.12.1992

Ferðamálaráð

Án tilnefningar:

Kristín Halldórsdóttir, formaður
Árni Þór Sigurðsson, varaformaður
Erlingur Sigurðarson
Ingibjörg Sigtryggsdóttir
Puríður Backman

Varafultrúar:

Anna Hildur Hildibrandsdóttir
Guðbjörg Ársælsdóttir
Þorbjörg Samúelsdóttir
Einar Ögmundsson
Björn Vilmundarson

Samkvæmt tilnefningu

Félag hópfærðaleyfishafa:
Júlíus Sigurbjörnsson
Guðmundur Kjerúlf (varamaður)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Karl Sigurhjartarson
Helgi Jóhannsson (varamaður)

Félag leiðsögumanna:

Birna G. Bjarnleifsdóttir
Þórunna Jónasdóttir (varamaður)

Félag sérleyfishafa:

Ágúst Hafberg
Gunnar Sveinsson (varamaður)

Ferðafélag Íslands:

Páll Sigurðsson
Höskuldur Jónsson (varamaður)

Flugleiðir h.f.:

Pétur J. Eiríksson
Sigurður S. Sigurðsson (varamaður)

Náttúruverndarráð:

Þóroddur F. Þóroddsson
Ingvi Þorsteinsson (varamaður)

Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason
Wilhelm Wessman (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir h.f.:

Ómar Benediktsson
Hörður Guðmundsson (varamaður)

Ferðapjónusta bænda:

Paul Richardson
Kristleifur Þorsteinsson (varamaður)

Reykjavíkurborg:

Júlíus Hafstein
Ólafur Jónsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Vesturlands:

Svanborg Siggeirsdóttir
Jón Pálmi Pálsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Pétur Bjarnason
Áslaug Alfreðsdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands vestra:

Vígfús Vígfússon
Ragnar Ingi Tómasson (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands eystra:

Jón Illugason
Jón Gauti Jónsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Austurlands:

Karen Erla Erlingsdóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurlands:

Jóhannes Sigmundsson
Hjörtur Þórarinnsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurnesja:

Jóhann D. Jónsson
Jónína Guðmundsdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins

(*ábeyrnarfulltrúi*)
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Þórarinn Jón Magnússon (varamaður)

Framkvæmdastjórn

Kristín Halldórsdóttir, formaður
Karl Sigurhjartarson, Fél. ísl.
ferðaskrifstofa
Pétur J. Eiríksson, Flugleiðum
Bjarni I. Árnason, SVG
Júlíus Sigurbjörnsson
Til vara:
Ómar Benediktsson

Nefndir Ferðamálaráðs

Landkynningarnefnd:

Karl Sigurhjartarson, formaður
Bjarni I. Árnason
Júlíus Sigurbjörnsson
Ómar Benediktsson
Sigurður S. Sigurðsson

Umhverfisnefnd:

Þóroddur F. Þóroddsson, formaður
Birna G. Bjarnleifsdóttir
Jón Gauti Jónsson

Útflutunarnefnd fjölmiðlabikars:

Þorleifur Þór Jónsson
Jóhannes Sigmundsson
Júlíus Sigurbjörnsson

Fulltrúar Ferðamálaráðs í ráðum og nefndum

Nordisk Turistråd:

Birgir Þorgilsson

ETC

Birgir Þorgilsson

Vest-Norden ferðamálanefndin:

Kristín Halldórsdóttir
Birgir Þorgilsson
Pétur J. Eiríksson

Stjórn Útflutningsráðs Íslands:

Sigurður Helgason
Magnús Oddsson (varamaður)



Stjórn ferðamálasjóðs:

Ágúst Hafberg
Þorleifur Þór Jónsson
Sigurður Skúli Bárðarson
(varamaður)
Júlíus Sigurbjörnsson (varamaður)

Stjórn Upplýsingamiðstöðvar ferðamála:

Júlíus Sigurbjörnsson
Pétur J. Eiríksson
Karl Sigurhjartarson (varamaður)
Bjarni I. Árnason (varamaður)

FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA



Skipting eftir þjóðerni og breyting milli ára

ÞJÓÐERNI	1992	1991	BREYTING
Bandaríki Norður-Ameríku	21.606	22.506	-4%
Önnur lönd Ameríku	1.598	1.384	15,5%
Danmörk	14.396	13.777	4,5%
Svíþjóð	16.050	16.286	-1,4%
Noregur	11.218	10.391	8%
Finnland	4.866	4.079	19,3%
Bretland	13.900	14.662	-5,2%
Írland	542	491	10,4%
Þýskaland	24.520	22.477	9,1%
Frakkland	7.925	10.071	-21,3%
Belgía	1.223	1.061	15,4%
Holland	3.808	2.952	29%
Luxembourg	332	508	-34,6%
Austurríki	3.123	4.036	-22,6%
Sviss	5.852	7.003	-16,4%
Ítalía	4.158	4.808	-13,5%
Asía og Afríka	1.840	1.488	23,7%
Ástralía og Nýja-Sjáland	611	609	0,3%
Aðrir	4.889	4.863	0,5%
SAMTALS	142.457	143.447	-0,7%

Auk þessara erlendu farþega heimsóttu 11.771 erlendingar gestir landið með 28 skemmtiferðaskipum á árinu.


GJALDEYRISTEKJUR AF FERÐAÞJÓNUSTU

Seðlabanki Íslands hefur nú nýlega sent frá sér nýjar upplýsingar um gjaldeyristekjur af seldri þjónustu til erlendra ferðamanna undanfarin ár. Hér er um nokkra hækkun að ræða miðað við fyrri upplýsingar bankans. Skýringar bankans eru meðal annars þær að nú séu fyrir- liggjandi nákvæmari upplýsingar um tekjur sem koma vegna innheimtu greiðslukortafyrirtækja. Þessar nýju upp- lýsingar breyta ekki þeirri staðreynd að verulegur sam- dráttur varð í þessum tekjum árið 1992 miðað við 1991 og 1990. Tekjurnar voru árið 1991 alls 13.509 milljónir, en árið 1992 12.642 milljónir. Eins og kemur fram á öðrum stað í skýrslunni varð fjöldi erlendra ferðamanna nær sá sami bæði árin. Skýringanna er því að leita annars staðar. Lægra gengi bandaríkjadollars á háannatímanum 1992 en

árið áður skýrir lægri tekjur í íslenskum krónum 1992 miðað við 1991 vegna ferðamanna sem kaupa þjónustu hér á landi í þeirri mynt. Þó enn liggi ekki fyrir endanlega gistináttatalning fyrir árið 1992, er það skoðun margra söluaðila að erlendir ferðamenn hafi dvalið styttra í land- inu að meðaltali en áður. Þá er vitað að sala laxveiðileyfa til útlendinga var minni en 1991. Allt er þetta afleiðing af háu verðlagi. Ferðamenn, sem heimsækja okkur freista þess að sjá sem mest af landinu á sem fæstum dögum og kaupa því þjónustu í færri daga en ella. Lækkun verðlags í samkeppnislöndum hefur hér mikil áhrif. Verðlag hér virðist ekki eingöngu hafa leitt af sér breytingu á ferða- mynstri með aukinni ásókn í styttri ferðir. Þegar litið er til nýtingar gistirýmis virðist einnig aukning í notkun ódýrari gistingar. Allir þessir þættir, sem að ofan eru nefndir auk nokkurra fleiri eru þess valdandi að gjaldeyristekjur af hverjum erlendum ferðamanni urðu 1992 um 89.000 krónur samanborið við rúmlega 94.000 krónur árið áður. Þessar tölur hljóta að vekja okkur til umhugsunar um nauðsyn þess að gera verður íslenska ferðaþjónustu sam- keppnisfæra í verði og gæðum við hliðstæða vöru sam- keppnisþjóða okkar.

Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu

1990	12.875	millj.
1991	13.509	millj.
1992	12.642	millj.



Heimild: Seðlabanki Íslands

FJÁRFESTING Í FERÐAÞJÓNUSTU


Sú staðreynd, að nýting gistirýmis á landinu er ekki nægjanlega góð, er vitaskuld afleiðing þess að of miklum fjármunum hefur á undanförunum árum verið varið til uppbyggingar þessa þáttar ferðaþjónustunnar. Á sama tímabili hefur mikið skort á að nægjanlega vel hafi verið hugað að þróun annarra þátta atvinnugreinarinnar.

Það er fyrst og fremst á sviði markaðssetningar og uppbyggingar á afþreyingarþjónustu að fjárfestinga er nú þörf. Á sviði landkynningar er íslensk ferðaþjónusta með nánast allt á hælnum sökum fjárskorts. Ferðamálaráð fær árlega aðeins helming af lögbundnu framlagi þegar best lætur og alltof margir stórir hagsmunaaðilar verja litlu og sumir engu fé til að kynna landið. Þegar kemur að því að verja nauðsynlegum fjármunum til að byggja þessa atvinnugrein upp af skynsemi og stórhug vandast málið og pyngjur einstaklinga og ríkis lokast. Gera menn sér ekki grein fyrir að hér er um að ræða atvinnugrein, sem veltir 25 milljörðum króna árlega, og að helmingur þeirra tekna er í erlendum gjaldeyri? Eru menn svo bláeygðir að halda að þessar tekjur, eða meiri, skili sér sjálfkrafa í framtíðinni, á sama tíma og samkeppnin um hylli ferðamannsins fer stöðugt vaxandi og æ fleiri þjóðir verja síauknum fjármunum til að laða þá til sín? Svo er í fullri alvöru rætt um að stórauka fjölda erlendra ferðamanna utan háannatímans, um leið og sú staðreynd blasir við, að við eigum fullt í fangi með að halda í horfinu þessa 90 daga sem vertíðin stendur yfir. Það er dýrt að lokka ferðamenn til Íslands á þessu stutta tímabili en mun dýrara utan þess, auk þess sem reikna má með að dvalartími verði styttri og eyðsla minni. Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar lét svo ummælt nýverið, „að lækki tekjur þjóðarbúsins af veru varnarliðsins verulega á skömmum tíma hefur það í för með sér umtalsverða röskun á þjóðarbúskapnum“. Gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar voru 25% meiri á árinu 1992 en af viðskiptum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og jafngilda því 125 þúsund tonna þorksafra á einu ári. Þessar staðreyndir skulum við hafa ofarlega í huga þegar fjallað er um fjárfestingar í ferðaþjónustu.

Hvað afþreyingarþjónustu og tómstundagaman snertir þá er hér fátt um fína drætti. Að þessu sinni skal ekki talið upp hvað nauðsynlegt er að gera til að ráða hér bót á, en af nógu er að taka og fljótlegra væri að nefna það sem ferðamaðurinn getur dundað sér við eftir að hann hefur drukkið nægju sína af íslensku vatni, andað að sér fylli sinni af okkar hreina lofti og er farið að súrna í augum við að njóta hins alkunna útsýnis og endalausis víðáttu.

Miklar vonir eru bundnar við aukið ráðstefnuhald og vissulega mun aukin markaðssókn á þessu sviði skila einhverjum árangri. En ráðstefnugestir eru ekki aðeins hingað komnir til að sitja á fundum. Þeir vilja einnig geta gert sér glaðan dag að lokinni fundarsetu. Á vettvangi ráðstefnuhalds er einnig mjög hardnandi samkeppni og því óráðlegt

að búast við skjótum árangri af fátæklegum tilraunum. Ég hugsa oft til svonefndrar Checchiskýrslu, sem unnin var af fyrirtæki á vegum Sameinuðu Þjóðanna fyrir ríkisstjórn Íslands. Þar er að finna ítarlega umfjöllun um möguleika á auknu ráðstefnuhaldi, veiði í ám og vötnum, stóraukna nýtingu jarðhitans og bættu aðstöðu til vetrariþróttar. Skýrslan er að verða 20 ára gömul og enn er verið að glíma við að finna upp hjólið. Fyrir 10 árum síðan kom út hin svonefnda „Bláa skýrsla“, en það plagg var unnið af þriggja



manna nefnd sem þáverandi samgönguráðherra skipaði til verksins. Þar er að finna tillögur til framtíðaruppbyggingar ferðaþjónustunnar í 23 liðum. Ennþá sitja menn þó yfir sömu vandamálunum og niðurstöður langra umræðna eru í flestum tilvikum áþekkar.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum vaknar spurningin um hvort fjárfestar hafi yfirleitt nokkurn áhuga á að fjárfesta í íslenskrri ferðaþjónustu, umfram það sem nú þegar hefur verið gert, í ljósi þess umhverfis, sem atvinnugreinin

býr við. Ég óttast, að ýmsum muni reynast erfitt að sjá „ljósið í myrkrinu“ við þær aðstæður. Þrátt fyrir tíma- bundna örðugleika er ég bjartsýnn á framtíð íslenskrar ferðaþjónustu. Sú bjartsýni byggist þó á því, að létt verði af atvinnugreininni þeim sköttum, sem henni er gert að bera umfram aðrar atvinnugreinar, verðbólga sé hér ekki meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar og erlendir ferðamenn fái sanngjarnt verð fyrir gjaldmiðil sinn.



FERÐAMÁLARÁÐSTEFNAN 1992



Árleg ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs var að þessu sinni haldin í Stykkishólmi og sóttu hana 130 fulltrúar fyrirtækja í ferðapjónustu. Í Stykkishólmi hafa heimamenn náð frábærum árangri á stuttum tíma í þessari atvinnugrein og gefið öðrum byggðarlögum hreinan tón í þessu tilliti. Ráðstefnan tókst með miklum ágætum, eins og raunar allar fyrri ferðamálaráðstefnur Ferðamálaráðs. Heimamenn tóku gestum sínum mjög vel og viðurgjörningur allur var þeim til mikils sóma. Á ráðstefnunni flutti Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, athyglisvert framsöguerindi um þýðingu ferðapjónustunnar fyrir þjóðarbúið. Það var vissulega uppörvandi að heyra hann lýsa trú sinni á bjarta framtíð atvinnugreinarinnar, þýðingu hennar fyrir landsmenn og staðfestingu hans á því, að ferðapjónusta er nú næststærsti gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur Íslendinga.



UMHVERFISMÁL

Í ársbyrjun var Jóhanna B. Magnúsdóttir endurráðin sem umhverfismálafulltrúi.

Umhverfisnefnd hafði tillögurétt yfir 5 milljónum króna samkvæmt fjárhagsáætlun Ferðamálaráðs fyrir árið 1992. Auk þess voru 2 milljónir króna settar undir liðinn starfsmaður vegna umhverfismála.

Á árinu 1991 stóð Ferðamálaráð að verklegum framkvæmdum á nokkrum stöðum en í ársbyrjun 1992 var tekin sú stefna að beina fjármagninu sem mest í styrki til framkvæmda sem heimamenn eða aðrir sjái um, en bjóða fram ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd verkefnanna. Auglýst var eftir umsóknum um styrki og bárust 32 umsóknir alls að upphæð tæpar tuttugu milljónir króna. Tólf aðilum var úthlutað kr. 3.320.000 til ýmissa verkefna sem lúta að umhverfisvernd jafnframt því að vera til hagsbóta fyrir ferðamenn. Þessi verkefni voru einkum til að leysa

brýna þörf fyrir salerni og til göngustígagerðar á mjög fjölförnum stöðum.

Gott dæmi um verkefni þar sem heimamenn stóðu að framkvæmdum en fengu ráðgjöf frá umhverfisfulltrúa var lagfæring gönguleiðar upp að Hengifossi í Fljótsdal. Þegar koma að framkvæmdum kom umhverfisfulltrúi á staðinn til að leiðbeina um framkvæmdirnar. Þetta fyrirkomulag þótti gefast vel.

Ferðamálaráð veitti styrk til göngustígagerðar á Grábrók í Norðurárdal. Því verki var stjórnað af umhverfisfulltrúa, en unnið af sjálfbodaliðum. Verkið var hálfnað í þessum áfanga og er nauðsynlegt að klára það sumarið 1993.

Úttekt var gerð á 74 ferðamannastöðum á Vestfjörðum og 39 á Suðurnesjum. Glögglega sést að ekki er örtröð ferðamanna á Vestfjörðum og óhætt, með tilliti til náttúruverndar, að beina þangað fleirum. Þó þarf að undirbúa komu fleiri gesta með ýmsu móti. Það helsta sem horfa mundi til bóta væri merking gönguleiða og almenn snyrt-ing, sérstaklega í þéttbýli. Annað yfirbragð er á Reykjaneskaganum, eins og edlilegt er, vegna nálægðar við þéttbýlið. Þar stingur umhverfi álversins og verksmiðja Stálfélagssins mest í augun. Mikið net vegaslóða liggur út og suður um svæðið og er brýnt að merkja þær leiðir sem halda skal opnum en loka hinum. Einnig þarf að leggja göngustíga og setja aðvörunarskilti á hverasvæðinu á Reykjanesi. Skýrsla um þessa úttekt er til á skrifstofu Ferðamálaráðs.

Smíði snyrtihúss við Gullfoss lauk á vordögum. Ferðamálaráð stóð að byggingu þess en síðan var það afhent Náttúruverndarráði til reksturs. Þar með lauk því máli farsællega, en umræða um slíka byggingu hefur staðið yfir í áratugi.

Unnið var áfram að stefnumörkun Ferðamálaráðs í umhverfismálum. Það mál var rætt á mörgum fundum ráðsins og nefnda þess og var annað tveggja aðalmálefna Ferðamálaráðstefnunnar í Stykkishólmi í október 1992. Stefnan var síðan samþykkt á fundi Ferðamálaráðs í apríl 1993. Aðalmarkmið Ferðamálaráðs í umhverfismálum eru eftirfarandi:

– Við allt skipulag ferðamála og rekstur ferðabjónustu verði litið á það sem grundvallaratriði að íslensk náttúra og umhverfi bíði ekki tjón af.

– Lögð verði áhersla á fegrun umhverfis, viðhald menningarverðmæta og góða umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðamanna í byggðum sem óbyggðum.



SKRIFSTOFUR ERLENDIS

NEW YORK

Landkynningarskrifstofan í Bandaríkjunum starfar í samvinnu við Norðurlöndin og er staðsett í New York.

Ferðalög og frí Bandaríkjamanna ákvarðast af ýmsum mismunandi og einstaklingsbundnum þáttum og okkur til góðs skiptir veðurfar á áfangastað ekki endilega öllu máli hjá mörgum, þar sem veður er hér víða yfirleitt gott mest allt árið. Það sem skiptir mestu máli um hvernig ferðalög eru valin er efnahagsástand og almennar horfur hverju sinni. Hér í Bandaríkjunum einkenndist árið 1992 af mikilli óvissu og reikulgangi í efnahagslífinu og reyndist eitt það slakasta í mörg ár. Á fyrra helmingi ársins varð hagvöxtur lítill sem enginn, gengi dollars var lágt og fór sem fór að Bandaríkjamenn sátu heima eða ferðuðust í auknum mæli innanlands. Á seinni helmingi ársins náðist hins vegar töluvert betri árangur og jókst heildarframleiðni um 2.7% sem er mesta aukning um 20 ára skeið. Þetta og annað sýnir að efnahagslífið er að rétta úr kútnum á ný og mun sú uppsveifla hafa verulega þýðingu fyrir heimsóknir Bandaríkjamanna til Íslands. Við höfum fjárfest í markaðnum og erum tilbúin þegar hjólin fara að snúast á ný.

Skrifstofa þessi er, eins og áður er komið fram, rekin í samstarfi við hin Norðurlöndin. Er þetta gert til að lækka kostnað, auka hagræðingu og til að ná betur til markaðarins, sem er gifurlega stór. Samstarfið gekk yfirleitt mjög vel á árinu þó að stundum hafi litið út fyrir að það myndi splundrast sökum þess að tvö landanna, Danmörk og Svíþjóð höfðu áhuga á að starfa sjálfstæð. Það varð þó ekki raunin og er nú unnið að nýjum samstarfssamningi sem mun auka hagræðingu og lækka kostnað. Þetta verður þó skammgóður vermir fyrir okkur þar sem nýja samkomulagið felur í sér að við verðum að taka á okkur fullan hlutfallslegan kostnað. Á hinn bóginn tryggjum við okkur áframhaldandi þátttöku í samstarfinu og um leið mun betri aðgang og stöðu á markaðnum. Sökum smæðar okkar er enginn vafi á að samstarf sem þetta er mun betri kostur en að starfa einir og sér.

Mjög vel tókst til með sýningar á árinu og tókum við þátt í tugum sýninga um öll Bandaríkin. Fyrst ber að nefna 25 samsýningar á vegum SCAN, þær voru mjög fagmannlega unnar og í hágæðaflokki hvað sýningar varðar og hafa vakið eftirtekt og umtal. Íslensk ferðaþjónusta fékk þar frábæra kynningu. Við höfum einnig tekið þátt í nokkrum vel heppnuðum „Adventure Travel“ sýningum og munum halda því áfram. Nokkrar sérstakar Íslandskynningar hafa einnig verið haldnar með ferðaheildsölum og gefist vel. Þrátt fyrir góðan árangur af þeim sýningum sem við tókum þátt í, þá er deginum ljósara að betur má ef duga skal. Ekki reyndust til nægir peningar til að vera með í mörgum mjög áriðandi sýningum.

Tengsl við fjölmiðla voru mikil allt árið og hefur umfjöllun um Ísland líklega ekki verið jafn mikil í hérlendum fjölmiðlum síðan leiðtogafundurinn var haldinn árið 1986.

Skiptist efnið í sjónvarpsþætti, umfjöllun í dagblöðum og tímaritum og einnig var mikil vinna lögð í að bæta stöðu Íslands í ferðahandbókum. Var svo um langt skeið að í hverri viku mátti finna efni um Ísland í einhverjum meiri-háttar fjölmiðli hér og var umfjöllun öll, undantekningalaust mjög jákvæð. Áfram var haldið og urðu blaðamannaheimsóknir yfir árið rúmlega 50 og komum við til með að hafa mjög sterkan og virkan fjölmiðlaáróður út allt árið 1993. Við höfum frá byrjun lagt höfuðáherslu á að örva eftirspurnina með miklum og vel skipulögðum fjölmiðlaáróðri og að ná þar með fram betri samkeppnisstöðu á markaðnum sem búa má við til framtíðar. Fjárfesting af þessu tagi hefur margfalt gildi samanborið við auglýsingar. Ekkert af þessu hefði reynt mögulegt ef ekki nyti við dyggrar aðstoðar Flugleiða og einnig margra annarra hagsmunaaðila.

Til viðbótar og í kjölfarið á sterkum fjölmiðlaáróðri þá liggur fyrir að efla og styrkja sölukerfið. Mikil vinna liggur nú í að fá fleiri aðila til að selja Ísland og hafa Íslandsferðir í bæklingi sínum. Þetta tekur tíma og kostar peninga sem eru af skornum skammti þessa dagana. Ferðaheildsalar tala um vissa áhættu við Íslandssölu og ber þá hæst verðlag á bílaleigubílum, mat og auk hárra skatta á ferðaþjónustu. Einnig heyrast æ oftar frá þessum sömu aðilum, ótti við að Íslendingar fari að veiða hvali aftur. Aðalviðskiptavinir þessa fólks eru í miklum mæli náttúruyrkendur og dýravinir sem ekki munu þola slátrun hvala. En hvað sem því líður þá verður tvímælalaust að ná árangri á þessu sviði og sannfæra enn fleiri söluaðila um hagnáðarvon af Íslandssölu.


Þó að ekki hafi tekist að auka ferðatíðni Bandaríkjamanna á þessu erfiða ári þá má árangurinn teljast góður þegar miðað er við það efnahagsástand sem einkenndi árið. Harðnandi samkeppni kallar á enn harðari sókn á markaðnum, hún kallar líka á aðgætni í verðlagningu og skattlagningu ferðaþjónustu. Þegar samkeppnin harðnar þá verður sífellt mikilvægara að úr nógu sé að velja þegar ákvarðanir eru teknar um hvert skal halda.

Fréttir berast af lélegri nýtingu hótela á Íslandi og má líklega að einhverju leyti um kenna, að um offjárfestingar hafi verið að ræða og er það miður. Eitt sem veldur lélegri nýtingu í ferðaþjónustu á Íslandi miðað við víðast hvar annars staðar, er hin mikla eingangrun lands okkar. Hér kemur ekki fólk akandi frá öðrum löndum í bílum sínum, ekki fáum við rútur í þúsundatali frá nágrannalöndunum og mjög takmarkaður fjöldi finnur leið sína hingað sjóleiðis. Flugíð er semsagt eini raunverulegi valkosturinn fyrir ferðamenn að heimsækja okkur og eigum við mjög gott flugfélag. Við erum einnig svo heppin að þetta flugfélag flytur árlega tugþúsundir ferðamanna milli Evrópu og Bandaríkjanna sem ekki hafa viðdövl á Íslandi. Hvað væri eðlilegra en að laða þetta fólk, sem tvívegis fer í gegn um

Leifsstöð til stuttrar dvalar á landinu. Þetta hlýtur að hafa forgang í íslenskri ferðaþjónustu.

Þegar litið er fram á við þá er „bjartsýni“ það sem einkennir andrúmsloftið. Staða Íslands sem viðkomustaður bandarískra ferðamanna fer vaxandi og áhugi manna á landinu á eftir að aukast til muna í náninni framtíð. En til að þetta takist þá má hvergi á slaka og enn meira þarf að vinna, því að samkeppnin mun einungis aukast í framtíðinni.

Einar Gústavsson



FRANKFURT

Petta var 7. árið sem landkynningarskrifstofa Íslands var starfrækt í Þýskalandi, til 30. júlí í Brönnnerstraße 11 eins og undanfarin 5 ár og frá 1. ágúst í Neu-Isenburg skammt utan við Frankfurt, í grennd við flugvöllinn í Frankfurt, nána tiltekið í Carl-Ulrich-Str. 11. Vorum við þá loksins komin í viðunandi húsnæði, rúmgott og bjart með nægilegu geymsluplássi og góðum samgöngum. Starfsmenn voru undirritaður, Stella Kristinsdóttir og ungur þýskur ferðamálastúdent, Andreas Uhrlandt, sem reyndist okkur mjög góður aðstoðarmaður þann tíma sem hann var hjá okkur.

Í Þýskalandi hófum við árið með auglýsingaherferð sem stóð yfir á tímabilinu frá janúar til maí. Undir fyrirsögninni „Island hoch“ lýstu auglýsingar Íslandi sem ferðalandi allra árstíða og kynntir voru hinir ýmsu möguleikar til afþreyingar, sem Ísland hefur upp á að bjóða. Auglýsingarnar birtust í þeim tímaritum og helgarblöðum, sem skv. áreiðanlegum heimildum eru lesin af menntuðu og frekar efnuðu fólki, svo og sértímaritum um hvatningar- og ráðstefnuferðir.

Alls fengum við um 7.400 fyrirspurnir á auglýsingatímabilinu jan.–maí. Meirihluti þeirra fór í „mailorderhouse“ okkar og fengu áhugamenn sent umslag þaðan, með ársbæklingi FMR ásamt hótellista, áætlunum Flugleiða og Smyrils, svo og auglýsingum 10 stærstu heildsalanna með Íslandsferðir. Aðalmarkmið þessarar sameiginlegu dreifingar var að vekja áhuga fólks á skipulögðum ferðum.

Skrifstofa okkar annaðist einnig allan undirbúning og framkvæmd við sameiginlegan Íslandsbás á hinum ýmsu kaupstefnum bæði innan og utan Þýskalands. Í Þýskalandi voru þær: Reisemarkt Köln 27.–29. nóvember 1992 og T&C í Leipzig 4.–9. desember, CMT í Stuttgart 16.–24. janúar 1993, CBR í München 6.–14. febrúar, Reisen í Hamborg 13.–21. febrúar og ITB í Berlín 6.–11. mars. Auk okkar tóku oftast þátt í kostnaði, Flugleiðir, umboðsmaður Smyrils og þýskir heildsalar.

Utan Þýskalands tókum við þátt í BIT í Mílanó dagana 25.–29. febrúar, SMTV í París 2.–26. mars og EIBTM sýningunni í Genf 5.–7. maí. Sem „landkönnuður“ fór ég á hestasýninguna í Verona, sem er álíka stór og Equitana í Essen og gæti orðið áhugaverð fyrir okkur á næstu árum. Miðað við bæklingaflóðið sem dreift var á kaupstefnum má áætla, að um 40–45.000 manns hafi komið á básana okkar á ofanefndum sýningum.

Mánaðarlega sendum við fréttir um Ísland til 508 blaðamanna í þýskumælandi löndum, Luxemborg og Belgíu. Sýnishorn fylgja ávallt mánaðarskýrslum okkar til aðalskrifstofunnar.

Auk þess fjármögnuðum við að fullu eða í samvinnu við aðra íslenska aðila og heildsala víða um Evrópu, Íslandsferðir fyrir blaðamenn frá Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu, Spáni og Sviss.

Í tengslum við opinbera heimsókn forseta Þýskalands til Íslands, buðum við hópi blaðamanna til Íslands í samvinnu við Útflutningsráð og Flugleiðir. Allir þessir blaða-



menn hafa undantekningarlaust verið duglegir að fjalla um Ísland. Þess ber sérstaklega að geta, að án aðstodar Flugleiða hefði ekkert orðið úr flestum blaðamannaferðunum.

Við vorum með kynningar hjá ferðaheildsölum, lýðháskólum, á Íslandsvikum t.d. í Lúxemborg og á 'Scandinavian Workshop' í Zürich, svo og á blaðamannafundum, sem við höldum m.a. með starfsbræðrum okkar í Berlín, Stuttgart, München, Köln og Leipzig.

Þekktir ljósmyndarar fluttu fyrirlestra um Ísland í Þýskalandi, Sviss og Lúxemborg. Þeir komu fram í ca. 150


borgum og dreifðu m.a. upplýsingaefni frá okkur. Þeir fengu styrki af ýmsum toga frá okkur en einnig frá Flugleiðum, Smytli og heildsölum í Þýskalandi og Sviss.

„Kórónan“ á upplýsingastarfseminni var svo „víkingaferðin“ svo kallaða og nú fræga. Í nóvember buðu íslensku fyrirtækin; Ferðaskrifstofa Íslands, Samvinnuferðir-Landsýn, Kynnisferðir og Iceland Safari ásamt Wolters Reisen, Flugleiðum og Ferðamálaráði, 120 umboðs- og starfsmönnum Wolters til Íslands og var hápunktur heimsóknarinnar 2ja daga ferð í snævipakta Þórsmörk. Veður var eins og í sögu, logn og sól og áttu menn ekki orð til að lýsa landi og þjóð að ferðinni lokinni.

Að lokum nokkur orð um þróun ferðamála í byrjun ársins 1993. Auknir straumar ferðamanna til Íslands frá meginlandinu og þá sérstaklega frá Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Hollandi, sem við höfum orðið vör við á síðustu árum, sýna að áhugi manna á Íslandi er víða að vakna, en verður að örva betur. Frá Þýskalandi komu 1992 9% fleiri ferðamenn eða 24.500, en voru 22.500 árið áður. Þeir voru nú stærsti hópur erlendra ferðamanna, eða 7,9% allra. Góður árangur í desember var vetrar- og áramótaferðum heildsalanna að þakka, en í fyrsta skipti veittum við þeim styrk sem prentuðu sérstakan Íslandsbækling fyrir lágönnina. Sú staðreynd að færri Ítalir og Frakkar hafi heimsótt Ísland 1992, er að hluta að sækja í hið slæma ástand sem ríkir í pólitík og efnahagsmálum sérstaklega á Ítalíu. En stöðug samkeppni okkar við önnur lönd eins og Írland, Kanada og hin Norðurlöndin, vegur hér einnig þungt. Þau róa á sömu mið og við og reyna einmitt við þann takmarkaða markhóp sem við viljum einnig ná til. Þegar þetta er ritað sjást hér auglýsingar í blöðum og sjónvarpi frá Svíum og Finnum, sem gefa til kynna, að það sé nú 20% ódýrara en áður að ferðast í Svíþjóð og 40% ódýrara í Finnlandi. Einnig ber á nýrri landkynningarskrifstofu í Þýskalandi sem heitir CLUB NORDEN og er eign finnskra, norskra og sænskra aðila, sem vilja styrkja sölu á ferðum til Nordkalotten (landssvæðin norðan heimskaupsbaugs). Það hefur fjársterka aðila að baki sér, sem koma m.a. frá sviðum í jafri ferðageirans eins og t.d. frá olíufélögum o.fl.

Vert er að hafa í huga að keppinautar okkar koma stöðugt ódýrum ferðatilboðum á markaðinn, sem við eigum erfitt með að halda í við sökum væntanlegra skattaálagninga og gjaldtöku. Við munum því í framtíðinni þurfa að hafa enn meira fyrir því en nú, að auglýsa land okkar á erlendri grund, sem og þá þjónustu og vörur sem við höfum upp á að bjóða fyrir ferðamenn, til að missa hreinlega ekki af lestinni.

Dieter Wendler-Jóhannsson



FERÐAKAUPSTEFNA VESTURNORÐURLANDA

Að þessari stærstu ferðakaupstefnu, sem haldin hefur verið á Íslandi, stóðu Ísland, Færeyjar og Grænland. Kaupstefnan var haldin á Akureyri í lok september. Af hálfu erlendra kaupenda mættu fulltrúar 120 fyrirtækja til þessa leiks og sami fjöldi fyrirtækja seljenda frá ofangreindum löndum buðu fram vöru sína og þjónustu á smekklega skreyttum sýningabásum í Íþróttahöllinni. Samtals sóttu 450 einstaklingar frá áður nefndum aðilum ferðakaupstefnuna, auk 9 erlendra blaðamanna, og dvöldu hér á landi í 3–5 daga. Undirbúningur og framkvæmd þessa at-

burðar var mikil nákvæmnisvinna, sem kallaði á margar hendur kunnáttufólks. Það væri of langt mál að nefna hér nöfn þeirra mörgu einstaklinga og fyrirtækja, sem unni að þessu verkefni í Reykjavík og á Akureyri. Ég verð því að láta nægja að þakka þeim öllum af alhug og vona að þeir taki til sín sem eiga. Hafi ég haft einhverjar efasemdir um hæfni íslenskra ferðaþjónustuaðila til að leysa hin stærstu verkefni, þannig að aðrar þjóðir gætu haft til fyrirmyndar, hafa þær nú vikið fyrir addáun á færleika þessa fólks.



RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA ÍSLANDS

Gamli draumurinn um ráðstefnuskrifstofu varð loks að raunveruleika á árinu. Ennþá einu sinni tókst að sameina og fella í einn farveg krafta og fjármuni stærstu hagsmunaaðilanna. Ég vona að þetta reynist mikið gæfuspor. Það veldur mér þó nokkrum áhyggjum, að litlum kröftum og fjármunum er nú dreift víða. Sú hætta er því fyrir hendi, að of þunnt verði smurt og ég tel nauðsynlegt að stefnt verði að einni yfirstjórn Ferðamálaráðs, Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og Ráðstefnuskrifstofu Íslands í stað þriggja, eins og nú er háttað. Með því móti sparast miklir fjármunir og afl og sóknarmöguleikar aukast á erlendum mörkuðum.



FERÐASÝNINGAR

Ferðamálaráð tók þátt í 40 ferðasýningum í Evrópu og í Bandaríkjunum á árinu. Sumar þeirra eru einungis fyrir fulltrúa starfandi fyrirtækja í ferðaþjónustu, aðrar nánast eingöngu fyrir almenning og síðan þriðja fyrirkomulagið þar sem opnunartíma er skipt milli þessara tveggja flokka. Heildarkostnaður ráðsins við þátttökuna nam liðlega 7 milljónum króna, en þar við bætist kostnaður við framleiðslu þess kynningarefnis, sem dreift er á sýningunum. Til viðbótar kemur kostnaður annarra ferðaþjónustuaðila, fargjöld, dvalarkostnaður og laun, þannig að reikna má með að heildarkostnaður við þátttöku í ferðasýningum á árinu 1992 hafi numið 30–35 milljónum króna. Því er ekki að leyna, að efasemda gæti um hvort þátttaka í sumum sýninganna skili tilætluðum árangri, svo og hvort viturlegra væri að verja þessum fjármunum til annarra hluta. Gallinn er sá, að nánast er ógjörlegt að meta eða mæla árangur af þátttöku í einstökum ferðasýningum. Hið sama gildir raunar, því miður, um flestar aðrar aðgerðir á vettvangi kynningarmála. Undantekning frá þeirri almennu reglu er þó að mínu mati Vestnorden ferðakaupstefnan, sem ég er sannfærður um að er sú þýðingarmesta fyrir íslenska ferðaþjónustu. Spurningin er sú, hvort atvinnugreinin getur látið sér nægja, að sú sýning sé haldin annað hvert ár á Íslandi, eða hvort nauðsynlegt sé að stofna til samkomu íslenskra seljenda og erlendra kaupenda það árið, sem hún er haldin í Grænlandi eða Færeyjum. Niðurstaða af þeim vangaveltum, sem fram hafa farið að undanfögnu er sú, að draga frekar úr þátttöku á næsta ári en reyna jafnframt að vanda meira til sýningasvæðanna.

LOKAORÐ

Miklar umræður fóru fram á árinu um hvort nauðsynlegt væri að breyta gildandi lögum um skipan ferðamála og sýndist sitt hverjum. Undirritaður hefur eins og aðrir skoðun á því máli, en ekki er við hæfi að setja hana fram í ársskýrslu yfir starfsemi Ferðamálaráðs. Aðila í ferðþjónustunni greinir á um hvað hlutur ríkis og sveitarfélaga eigi að vera mikill hluti af nauðsynlegri fjármögnun hinna ýmsu verkefna og hvert eigi að vera hlutverk beinna hagsmunaaðila í því tilliti, þ.e.a.s. starfandi fyrirtækja í atvinnugreininni. Okkar sameiginlegi sjóður, ríkissjóður, er að sjálfsögðu stærsti hagsmunaaðilinn og leggur til mest fjármagn, þegar með er talið það fé, sem varið er til vegagerðar, flugvallagerðar og umhverfisverndar. Það er fyrst og fremst á sviði kynningarstarfsemi og markaðssetningar að draga þarf skýrari línur. Í ljósi reynslu undanfarinna ára, er ekki ástæða til að ætla annað, en að mögulegt eigi að vera að ná sæmilegum sáttum í þessu tilliti, að því tilskildu að ríkissjóður sé reiðubúinn til að auka framlag sitt frá því sem nú er. Ákvarðanir um framtíðarskipan þessara mála verður að taka hið fyrsta og sjálfsagt er að nýta reynslu annarra þjóða í þessu tilliti.

Þegar þetta er ritað liggja fyrir tölur um fjölda erlendra ferðamanna á tímabilinu janúar–maí 1993. Þeim hefur fjölgað um 11% miðað við árið 1992. Það jafngildir 3.753 einstaklingum, en ekki er vitað ennþá hvort sambærileg aukning hefur orðið á fjölda gistinátta og gjaldeyristekjum. Á sama tímabili hefur utanlandsferðum Íslendinga fækkað um 3.4% Vonir standa til að smávægileg aukning verði á fjölda erlendra gesta á árinu 1993, jafnframt því að gistináttum fjölgi og tekjur aukist.

Að lokum við ég þakka ráðherra ferðamála, Halldóri Blöndal, fyrir velvild hans og skilning á málefnum ferðþjónustunnar og starfsfólki hans í samgönguráðuneytinu fyrir þrýðisgott samstarf í hvítvetna. Síðast en ekki síst flyt ég öllum ráðsmönnum og starfsfólki Ferðamálaráðs þakkir fyrir vel unnin störf í þágu íslenskra ferðamála og ánægjuleg samskipti.

Birgir Þorgilsson
ferðamálastjóri.



Ferðamálaráð Íslands

Lækjargötu 3

101 Reykjavík

S. 27488

Fax 624749

Iceland Tourist Board

655 Third Avenue New York

N.Y. 10017, U.S.A.

S: (212) 949-2333

Fax: (212) 983-5260

Isländisches Fremdenverkehrsamt

Carl-Ulrich-Straße 11

D-63263 Neu-Isenburg 1

Tourist-Info 06102/254484

Presse, Geschäftsleitung 254388

Telefax 254570

Btx 422420005

Iceland Tourist Board

6th Fl., Harada Bldg.,

1-1-15, Asakusabashi,

Taitoh-ku, Tokyo 111 Japan

TEL: 03-5820-0773

FAX: 03-5820-0780

TLX: 222-2061 IPSTYO J